

þess, að skattgjald verði lagt á þau sitt í hvoru lagi samkvæmt 6. gr. Ómagafrá- **18**
dráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónu- **12. apríl**
leg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

4. gr.

12. gr. laga nr. 46/1954 orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, má draga 10 þús. kr. fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn, en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því, sem afgangsverður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkvæmt 6. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1959.

Gjört í Reykjavík, 12. apríl 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

19

13. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður greiðir $\frac{1}{3}$ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10 1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og bráðabirgðaákvæði sömu laga, a-lið, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. króna á ári.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftir á.

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs samkv. 1. gr. skal úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 50% af niðurjöfnuðum útsvörum s. l. ár, sbr. þó 3. gr. d.

19. apríl 19 Fé því, sem ekki verður úthlutað, vegna ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, um 50% hámarkið, skal varið til þess að greiða kostnað, sem fellur á Jöfnunarsjóð, samkv. ákvæðum 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

- a. Úthlutun samkvæmt 2. gr.
- b. Að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkv. III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.
- c. Að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.
- d. Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð samkv. lögum um útsvör.
- e. Að styrkja, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga.

4. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, samkv. 2. gr., skal greitt þrisvar sinnum á ári, fyrir 15. júlí, 15. október og 15. janúar.

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

5. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega rannsókn á fjárreiðum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags samkv. 3. gr. d.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrr en að lokinni rannsókn og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem rannsóknin hefur gefið tilefni til.

Jafnan er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að sveitarfélag, sem hlotið hefur aukaframlag samkv. 3. gr. d., skuli sett undir eftirlit, samkv. IV. kafla laga nr. 90/1940.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 4. gr.

6. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs, sem vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga samkv. 2. gr., allar greiðslur samkv. 3. gr. svo og allar afgreiðslur á vegum sjóðsins.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

8. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins.

10. gr.

19

13. apríl

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin ákvæði II. kafla laga nr. 67 12. apríl 1945, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og VII. kafli framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, um jöfnun framfærslukostnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði á árinu 1960, samkv. 2. gr. laganna, skal miða hámark framlagsins við niðurjöfnuð útsvör á árinu 1959, og má framlagið eigi vera meira en 35% af álögðum útsvörum 1959.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

20

21. apríl

um breyting á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. efnismálsgr. 2. gr. laganna bætist:

Enn fremur er biskupi heimilt að ráða prestvigðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins.

2. og 3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestar þessir skulu hafa sömu laun og sóknarprestar, en ferðakostnaður milli prestakalla skal greiddur úr ríkissjóði, svo og húsaleiga ferðaprests þar, sem hann er settur til þjónustu, enda fái hann ekki afnot af embættisbústað prestakallsins. Kostnaður greiðist samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.